*ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM*
Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

**Mál nr. 11/2007**
**M og**
**V-1 v. A og**
**V-2 v B**

**Árekstur bifreiða á gatnamótum Borgarbrautar og Glerárgötu á Akureyri þ.27.11.2006**

**Gögn.**

1. Málskot móttekið þ. 12.1.2007
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 1002/06
3. Tjónaskýrsla dags. 27.11.2006.
4. Bréf V 1 dags. 26.1.2007
5. Bréf V-2 dags.30.1.2007
6. Úr dagbók sýslumannsins á Akureyri dags. 27.11.2007 og ljósmyndir.

**Málsatvik.**

Ökumaður A segist hafa ætlað að beygja inn á Glerárgötu og taldi að bifreiðin á undan honum mundi fara beint áfram en þá hafi B skipt snögglega um akrein og hafi ökumaður A ekki náð að hemla í tæka tíð vegna hálku og árekstur orðið. Ökumaður B segist viðurkenna að hafa verið pínu rangt staðsettur á akreininni miðað við að hafa ætlað að aka í hægri beygju en hann hafi gefið stefnumerki í tjónstilkynningu segir ökumaður B að hann hafi verið á afreininni þegar A hafi komið á eftir B og ekið of nálægt og árekstur orðið.

**Álit.**

Á sameiginlegri tjónstilkynningu og fyrirliggjandi gögnum verður ekki annað ráðið en að B hafi í umrætt sinn ekið í veg fyrir A og ber því alla sök á árekstrinum

**Niðurstaða.**

B ber alla sök

Reykjavík. 13. 2.2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.